



Íslenski Söfnuðurinn í Noregi
Den Islandske Menighet i Norge

Aðalfundur

Íslenska safnaðarins í Noregi

28. apríl 2013

Haldinn í safnaðarheimili Nordberg kirkju í Ósló

AÐALFUNDUR 2013

Dagskrá:

- 1. Formaður kannar hvort til fundar sé löglega boðað**
- 2. Kosning fundarstjóra og fundarritara**
- 3. Skýrsla formanns**
- 4. Stefna stjórnar**
- 5. Skýrsla prests**
- 6. Fjárhagsáætlun og ársreikningar lagðir fram**
- 7. Kosning í safnaðarstjórn og varastjórn**
- 8. Tillögur**
- 9. Kosning í kjörnefnd og aðrar nefndir**
- 10. Önnur mál**

Skýrsla formanns í Íslenska söfnuðinum í Noregi starfsárið 2012 til 2013.

Kæri lesandi

Ég er búinn að vera á löngu ferðalagi ásamt füngulegum hópi fólks. Nú þegar hópurinn áir er tilvalið að líta yfir farinn veg. Hópurinn sem ég ferðast með kallar sig „Stjórn Íslenska Safnaðarins í Noregi“, kannski þú þekkir eða kannist við einhverja þeirra, en þeir heita að frátöldum mér;

Helga Sigríður Þórsdóttir, varaformaður búsett í Bergen

Ann-Cathrin Marcussen, gjaldkeri búsett í Osló

Brynja Gunnarsdóttir, ritari búsett í Tromsø.

Lilja Björk Þorsteinsdóttir, meðstjórnandi búsett í Stavanger

Sigríður Gísladóttir, varamaður búsett í Sandnessjøen

Einar Traustason, varamaður búsettur í Osló

Osvald Kratsch, varamaður búsettur í Hønefoss

Hanna María Helgadóttir, varamaður búsett í Asker

Hópnum til ráðgjafar er sr. Arna Grétarsdóttir

Það er óhætt að segja að þetta sé búið að vera viðburðaríkt ferðalag enda er ekki verri maður en Jesús sem hefur verið fararstjóri og Guð hefur vakað yfir förinni. Ferðalagið hefur leitt okkur víða og margt drifið á okkar daga, vil ég nú greina þér frá því helsta, sem förin hefur leitt okkur.

Það hefur lengi verið ósk safnaðar að fá fast aðsetur. Eftir að farið var yfir þarfir og óskir var gengið í að finna hentugt húsnæði. Fyrir valinu varð Pilestredet Park 20, sem síðar fékk nafnið Ólafíustofa. Nú er svo komið að húsnæðið hefur fest sig í sessi á met tíma og óhætt að segja að Ólafíustofa sé orðin miðstöð Íslendinga í Noregi og starfsemi í húsi frá morgni til kvölds, má þar geta fyrir utan skrifstofu prests og ritara; Ólafíusjóðinn, Ískórinn, Íslendingafélagið,

eldriborgara starf, unglingastarf, barnastarf, bænastundir, AA og Alanon, foreldra klúbb, fundaraðstöðu og fleiri staka viðburði.

Þess er vert að geta, að í dag er húsnæði og innbú skuldlaust sem þýðir að starfið í þeirri mynd sem það er í dag er tryggt um ókomna tíð. Stjórn vill þakka meðbyr og góðar undirtekir sem verkefnið hefur fengið frá fólki bæði innan og utan safnaðar.

Vegna legu safnaðarins er mikilvægt að upplýsingatæknimál séu sem best úr garði gerð. Unnið hefur verið í þeim málum hjá söfðuðinum, allur tölvubúnaður hefur verið endurnýjaður sem og heimasíða safnaðarins. Í safnaðarheimilinu er aðgangur að tölvu, interneti, blöðum og bókasafni.

Sem auka innspýting í unglingastarfið, var hljómsveitin Tilviljun? fengin til Noregs og ferðaðist hún um Noreg, undir umsjá Margrétar Ólafar Magnúsdóttur. Hljómsveitinn sá um verkstæði (workshop) með unglingunum og Poppmessur. Óhætt er að segja að uppákoman var ákaflega vel heppnuð í alla staði og heilluðu meðlimir sveitarinnar fólk með framkomu sinni og kærleik.

Í ár eru 150 ár frá fæðingu Ólafíu Jóhannsdóttur og hefur verið ákveðið að gera komandi starfsár að ári „Ólafíu“. Fyrsti viðburðurinn verður Ólafíuhátíð helgina 8. – 9. júní. Í Stavanger er í vinnslu leikrit þar sem barna- og unglingastarf er fléttað inn í viðburðinn og aldrei að vita nema það fari víðar um stafssvæði okkar í einhverri mynd. Viðburðir tengdir Ólafíu sem og annað starf innan safnaðarins verður myndað og áformað er að enda hátíðina með kvikmynd um Ólafíu Jóhannsdóttur og söfðuðinn okkar.

Síðustu ár hefur Íslendingum fjölgað mikið í Noregi sem endurspeglast í safnaðarstarfinu og þeim viðburðum sem söfðuðurinn stendur fyrir og getur tekið þátt í. Nú er svo komið að barnastraf er rekið á flestum stærri stöðum í Noregi. Unglingastarf í Bergen, Stavanger og Osló, eldriborgarastarf er í Osló. Starfsfólk tengt þessum störfum er farið að telja hátt í 50 manns.

Vegna námsleyfis sr. Örne Grétarsdóttur og til að auka þjónustu var María Gunnarsdóttir ráðin til 6 mánaða, eftir það hefur María unnið að ýmsum tilfallandi störfum og sérverkefnum má þar geta eldriborgarastarf sem hún hefur séð um ásamt Einari Traustasyni. Það hefur sýnt sig að þörfin fyrir aukna þjónustu er til staðar og enn fjölgar sóknarbornum. Til að mæta þessu var starf

ritara hækkað í fullt starf og hefur stjórn ákveðið að ráða fræðslufulltrúa í fullt starf til tveggja ára sem tilraunaverkefni. Starfið var auglýst síðastliðinn mars á heimasíðu okkar sem og á síðu Íslensku þjóðkirkjunnar.

Eins og á öllum stærri ferðalögum kemur og fer samferðafólk. Gunnar Hólm sagði sig úr aðalstjórn eftir síðasta aðalfund, vegna breytinga á eigin högum. Sigríður Gísladóttir sagði sig úr varastjórn vegna flutnina til Íslands. Við þökkum þeim fyrir sitt framlag til safnaðarstarfsins og óskum þeim velfarnaðar á nýjum ferðalögum. Við gleðjumst jafnframt yfir því að fá nýtt samferðafólk til að ferðast með á komandi starfsári

Safnaðarstarf á árinu hefur vægast sagt blómstrað um allan Noreg og má kannski segja að söfnuðurinn sé að uppskera sáningu síðustu starfsára, en hvar og hvernig við stöndum í dag hefði ekki verið mögulegt nema með því fólki sem starfar á einn eða annan hátt fyrir söfnuðinn með staðfestu og kærleik að leiðarljósi. Stjórn safnaðarins þakkar öllum samstafið á liðnu starfsári og hlakkar til að leiða ferðalagið áfram.

Síðari Samúelsbók 22:31

Vegur Guðs er lýtalaus, orð Drottins er áreiðanlegt, skjöldur er hann öllum sem leita hælís hjá honum

Með kveðju

Arnar Páll Michelsen

Formaður Íslenska safnaðarins í Noregi

Osló 9. mars 2013

Stefna stjórnar íslenska safnaðarins í Noregi starfsárið 2012-2013

Árið 2013 verður helgað minningu Ólafíu Jóhannsdóttur og 150 ára fæðingarafmæli hennar:

- Ólafíuhátíð 8-9. júní.
 - Ólafíudagur In Memoriam 22. október.
 - Gerð heimildarmyndar um Ólafíu og íslenska söfnuðinn.
1. Halda áfram að byggja upp sunnudagaskólastarf með fyrsta flokks sunnudagaskólaleiðtogum víðsvegar um landið.
 - 1.1. Bjóða upp á leiðtoganámskeið í samvinnu við ÍKE og Biskupsstofu.
 - 1.2. Bjóða upp á mennigarviðburði fyrir börn.
 2. Efla unglingastarfið.
 - 2.1. Bjóða upp á gott fermingarstarf með námskeiðum og kristilegum mótum.
 - 2.2. Styrkja tengsl íslenskra unglinga í Noregi, sín á milli og við íslenskar rætur þeirra.
 - 2.3. Bjóða upp á námskeið í leiðtogabjálfun í Osló.
 3. Efla fullorðinsfræðslu. Stefnt skal á að halda amk. eitt námskeið úti á landsbyggðinni á ári.

Bjóða m.a. upp á:

 - 3.1. Hjónanámskeið
 - 3.2. Kærleikspjónustu og hjálparstarf
 - 3.3. Eldriborgarastarf
 - 3.4. Sjálfstyrkingarnámskeið
 - 3.5. Námskeið um kristna trú og lífsýn.

4. Fylgjast áfram vel með fólksflutningum frá Íslandi til Noregs og bregðast við eftir þörfum t.d. með ráðningu fleiri starfsmanna.
5. Viðhalda góðu samstarfi við Íslendingafélögin í Noregi, íslenska kóra, íslenska námsmenn í Noregi, sendiráð Íslands í Ósló og önnur samtök Íslendinga í Noregi.
6. Auka kynningar- og markaðssetningu safnaðarins með því að halda uppi lifandi heimasíðu og nýta aðra samfélagsmiðla.
7. Halda áfram að leggja fyrir hluta af rekstrartekjum í sparnað og stefna á að kaupa prestbústað innan fárra ára.

Skýrsla prests 2012

Komið til hans, hins lifanda steins

Látið sjálf uppbyggjast sem lifandi steinar í andlegt hús
(1Pét. 2:4-5a)



Litið til baka

Haustið 2012 voru 5 ár liðin síðan ég sem þetta rita var ráðin til starfa fyrir Íslenska söfnuðinn í Noregi. Þá var ein starfskona í 30% stöðu á skrifstofunni og einn leiðtogi með sunnudagaskóla í Ósló. Tengiliðir voru á nokkrum stöðum um landið sem var ómetanlegt fyrir nýjan prest sem fljúga átti um landið með biblíuna undir hendinni. Allir tóku vel á móti ólétta prestinum sem var svo heppin að hafa einkabílstjóra á ferðum sínum undir það síðasta þ.e prestakallinn.

Í safnaðarstjórn starfaði öflugt fólk með hugsjónir um að leiða söfnuðinn inn í nýja tíma og áherslan og hvatningin sem ég fékk í veganesti var að efla barna- og æskulýðsstarf. Með skýrri sýn og stuðningi safnaðarstjórnar hefur starfið vaxið og dafnað. Guð hefur leitt nýtt áhugasamt, metnaðarfullt og hæfileikaríkt fólk til starfa í safnaðarstjórn og inn í margvísleg önnur störf. Sýnin er og hefur verið sú sama; *Skírnarfræðsla í formi barna- og unglingastarfs hefur forgang í þessum söfnuði.*

Hjarta hvers kristins safnaðar slær í bænahaldinu og vöxtur fæst með því að hlúa að skírnarfræðslunni (barna- og æskulýðsstarfið). Þessi sýn þarf að vera hverjum liðsmanni ljós svo árangur náist. Í Ólafíustofu eru nú bænastundir á fimmtudögum: "Bæn og brauð". Þar slær hjarta safnaðarins í viku hverri þar sem beðið er fyrir söfnuðinum, málefnum einstaklinganna og fyrir heiminum sem við erum hluti af.

Nú starfa á akrinum tæplega 50 manns í trúnaðarstörfum fyrir Íslenska söfnuðinn í Noregi. Safnaðarstjórn, skrifstofa, sunnudagaskólaleiðtogar, æskulýðsstarfsfólk, öldrunarstarfi, sálgæsluliðar, nefndir og stjórnir, í sjálfböðinni þjónustu eða launaðri. Alltaf bætast í hópinn nýir liðsmenn vítt og breitt um landið að vinna að sama marki: **Boða trú á Jesú Krist og miðla þannig von og kærleika.**

Það er glæsilegur hópur sem hver hefur sitt verkvið sem leggur í ferð enn eitt tímabilið, næstu árin, hversu langt það verður veit Guð einn og einnig það að þar sem hugur og hjarta er sett í starfið og þar sem í fyrirrúmi er þjónustan við Guð og menn, þar blómstrar trú sem á sér bæði tengingu til himins og jarðar.

Prestur fór í námsleyfi um þriggja mánaða skeið á haustdögum og lagði stund á framhaldsnám í sálgæslufræðum á Modum Bad. María Gunnarsdóttir guðfræðingur var ráðin sem fræðslufulltrúi í 60% starf í 6 mánuði í tengslum við það. Margrét Ólöf Magnúsdóttir djákni tók þá að sér að sinna þjónustu við suður-Noreg þ.e frá Sandefjord til Kristiansand. Það er ánægjulegt að mikil eftirspurn er eftir þjónustu safnaðarins og hefur prestur því miður ekki getað sinnt öllum beiðnum sem inn á borð koma og um leið reynt að grípa þau sem bjóða sig fram til starfa til að auka gæði þjónustunnar. Gengið var til samstarfs við íslenska presta sem starfa fyrir norsku kirkjuna og er það ómetanlegt að geta leitað til þeirra.

Íslenski söfnuðurinn í Noregi eignaðist heimili á árinu 2012.

Ólafíustofa við Pilestedet Park 20 í Ósló er hlýlegt safnaðarheimili með kapellu og skrifstofum. Björn Óskarsson innanhúss arkitekt innréttaði rýmið svo nýttast mætti sem best. Krossinn er miðpunktur altarisins sem er rammað inn af bókum úr bókasafni Guðrúnar Brumborg. Krossinn er smíðaður úr u.þ.b hundrað ára gamalli hurð og táknar dyrnar sem býður allar systur og bræður velkomin og minnir á Krist sem er hið andlega heimili sem við öll þurfum á að halda. Lárus Ingi Lárusson smíðaði krossinn og gaf söfnuðinum. Ólafíustofa er nefnd eftir Ólafíu Jóhannsdóttur formóður safnaðarins og var Einar Traustason hlutskarpastur í nafnasamkeppni um safnaðarheimilið. Ólafíustofa er örugg höfn, tryggur og hlýlegur staður sem minnir okkur á landið okkar Ísland um leið og það vísar okkur veginn áfram mót framtíð í nýju landi.

Ólafíustofa var vígð við hátíðlega athöfn þann 6. maí 2012 af Herra Jóni Aðalsteini Baldvinssyni vígslubiskupi að Hólum. Fjöldi fólks var saman kominn í þessu litla rými og var messað í Nordberg kirkju á eftir sama dag. Það voru margir sem lögðu sitt að mörkum við þessar húsnaðisbreytingar og bið ég Drottinn um að blessa þau handverk öll.

Árið 2012 einkenndist af athafnasemi, húsnaðisbreytingum og löngum verkefnaalistum.

Kraftinn til starfanna vantaði ekki og voru margar hendur sem lögðust á eitt að opna mætti ný húsakynni í maí byrjun. Söfnuðurinn er fjármagnaður af norska ríkinu og sveitafélögum í formi sóknargjalda sem skulu fara í það að boða trúna á Jesú Krist, upprisinn frelsara manna ásamt þeirri veraldlegu umsýslu sem því fylgir.

Guðsþjónustur og helgihald

Guðsþjónustuhald var á einum 13 stöðum árið 2012. Þeir staðir sem messað var á eru: Ósló, Drammen, Fredrikstad, Kristiansand, Stavanger, Bergen, Brándheimur, Tromsö, Sandefjord, Geilo, Ålesund, Molde og Ísland (Seltjarnarnes). Þeir aðrir staðir sem hafa fasta tengiliði og farið verður til ef óskað er eftir eru: Skien, Kristiansund og Haugesund/Karmöy. Haldnar voru **32** kirkjuguðsþjónustur, bæna- og/eða helgistundir og **76** sunnudagaskólar um landið. **3645** manns sóttu helgihald safnaðarins á árinu og er þá mæting í sunnudagaskólann einungis að hluta talin. Sálnatalning í sunnudagaskóla hófst með formlegum hætti fyrst nú í byrjun árs 2013.

Við skipulag á guðsþjónustunum eru **tengiliðirnir** ómissandi sem fyrr. Þeir aðstoða m.a. við að bóka kirkju, auglýsa, sækja prest á flugvöll (ef þarf), sjá um að hringja út og minna á og auglýsa messuna og að sjá um að halda utan um messukaffið á eftir ásamt Íslendingafélögunum. Þessi aðstoð tengiliðanna er ómetanleg og er starfið um landið mögulegt vegna þeirra. Tengiliðirnir eru oftast en ekki formenn Íslendingafélaganna eða starfa náið með þeim.



Safnaðarstjórn fór með presti í messuferð sem hin fyrri ár og hélt þar vinnufund og tók þátt í messuhaldinu. Í mars var farið til Ålesund þar sem stíft var fundað og messað á eftir ásamt því að haldin var minningarstund til minningar um þá sjómenn sem drukknuðu við strendur Ålesund.

Ískórinn syngur við guðsþjónustur í Ósló og víðar ef eftir því er leitað. Ískórinn starfar samkvæmt þjónustusamningi fyrir söfnuðinn eins og

kirkjukór og heldur uppi helgihaldi safnaðarins í Ósló með sálmasöng og messusvörum. Nýr kórstjóri tók til starfa, Gísli J. Grétarsson og er hann sérstaklega boðinn velkomin. Peggy Jensen Lous er þökkudýgg þjónusta sem fyrr og má geta þess að hún er með hæstan starfsaldurinn innan safnaðarins. **Íslendingakórar** hafa verið stofnaðir í Bergen og í Brándheimi. Í Stavanger er starfandi kvenfélag sem hefur hafið samstarf við söfnuðinn.

Alþjóðlegur bænadagur kvenna er fyrsta föstudag í mars ár hvert. Íslenski söfnuðurinn tekur þátt ásamt fleiri kristnum söfnuðum í Nordbergkirkju. Það er mikilvægt fyrir lítinn söfnuð að finna sig í hópi trúsystkina víða að úr heiminum. Í ár voru það konur frá Malasíu sem undirbjuggu bænahaldið undir yfirskriftinni: *Látum réttlætið sigra*.

Aðventuhátíðin í Ósló heppnaðist vel. Hátíðarræðu flutti Pálmi Gestsson leikari við mikið lof. Enda einlægur trúmaður þar á ferð. Jóhanna Guðrún Jónsdóttir söng jólin inn í hjörtu kirkjugesta að þessu sinni. Hún og Davíð Sigurgeirsson gítarleikari tóku einnig þátt í

guðsþjónustum í **Bergen og Stavanger**. Ískórinn söng bæði í Ósló og Stavanger um aðventu og jól. Kristján Karl Bragason og Björg Brjánsdóttir flautuleikari og sunnudagaskólaleiðtogi léku einnig fyrir kirkjugesti.

Listanefnd var sett á laggirnar á aðalfundi 2012. Í nefndina voru kosin: Eygló Sigmundsdóttir formaður, Hjörleifur Valsson, Ingibjartur Jónsson, Sigríður Gísladóttir ásamt sr. Örnú Grétarsdóttur. Aðal verkefni listanefndar á starfsárinu var að skipuleggja aðventuhátíðina í Ósló og útbúa skipulagsskrá til að leggja fyrir aðalfund 2013. Nefndinni er sérstaklega þökkun vel unnin störf.



Aðrar kirkjulegar athafnir og kærleikspjónusta

Árið 2012 voru skírð 19 börn, 7 í kirkjum og 12 í heimahúsum. Hjónavígslur voru 4 og 7 kveðju og minningarathafnir. 60 börn sóttu fermingarfræðslu safnaðarins veturinn 2011-12 og á árinu 2012 fermdi prestur 30 börn í 5 athöfnum.

Prestur sinnti **sálgæslu og kærleikspjónustu** sem fyrr og fór í 16 hús- og sjúkravitjanir á árinu. 109 sálgæsluviðtöl voru veitt á skrifstofu/kirkjum eða hótélum og 92 símasálgæsluviðtal var veitt. Þá er ótalin sálgæsla sem veitt er í gengum tölvupósta. Í faglegu sálgæsluteymi safnaðarins starfa nú Eygló Sigmundsdóttir sálfræðingur, Lilja Björk Þorsteinsdóttir félagsráðgjafi og Margrét Ólöf Magnúsdóttir djákni. Að sækja handleiðslu og fá fagrað eða geta vísað flóknari málum til fagaðila er ómetanlegt fyrir sálgæslupjónustu prestsins.

Ólafúsjóður Íslenska safnaðarins í Noregi var stofnsettur 1. nóvember 2009. Í stjórnsýslu sitja ásamt presti, Kristján Daðason og Dr. Sigríður Dúna Kristmundsdóttir sem er formaður sjóðsins. Hægt er að sækja um í sjóðinn á þar til gerðu eyðublaði sem hægt er að nálgast á netinu: www.kirkjan.no, hjá starfsmanni eða presti. Sérstök skýrsla var gefin út af formanni um starfsemi sjóðsins.



Símatími prests er frá þriðjudegi til föstudags frá kl. 10-11 og mánudagar eru vikulegir frídagar. Viðtalstímar eftir samkomulagi.

Safnaðarstarfið

Sunnudagaskólastarf er nú níu stöðum um landið; í Ósló, Drammen, Bergen, Stavanger, Sandefjord, Fredrikstad, Kristiansund og Kristiansand. Söfnuðurinn vill endilega heyra frá fólki sem er tilbúið

að leiða sunnudagaskóla um landið og hefur til þess reynslu og hæfni. Við barnastarfið starfa 16 leiðtogar. Á árinu höfðu umsjón með sunnudagaskólanum í **Ósló** þær Hrefna Grétarsdóttir og María Gunnarsdóttir guðfræðinemi, þeim til aðstoðar eru þær Björg Brjánsdóttir og Ruth Rúnarsdóttir sem báðar eru liðtækar á hljóðfæri. Lilja Björk Þorsteinsdóttir og Óskar Þór Jónsson hafa umsjón með barna- og unglinastarfi í **Stavanger** og í **Bergen** hafa umsjón með sunnudagaskólanum Helga Sigríður Þórsdóttir og Ingibjartur Jónsson sem einnig er liðtækur á orgelið þegar messað er. Svala Snorraddóttir hefur umsjón með sunnudagaskólanum í **Drammen** og tók Hrefna Grétarsdóttir við á haustdögum. María Gunnarsdóttir guðfræðinemi hefur leitt sunnudagaskóla í **Fredrikstad** ásamt Katrínu Ósk Óskarsdóttur söngkonu og píanista. Í **Kristiansund** leiða Salóme Huld Garðarsdóttir og Sigurborg Bjarnadóttir sunnudagaskólann. Margrét Ólöf Magnúsdóttir djákni og Benedikt Grétar Ásmundsson hafa umsjón með barnastarfi í **suður- Noregi** ásamt því að Margrét Ólöf hefur leitt einstaka guðspjónustur á því svæði. Bogi Benediktsson og Sigurður Jón Sveinsson störfuðu fyrir söfnuðinn fram á sumar 2012 er þeir stunduðu nám í Biblíuskóla í Ósló og er þeirra sárt saknað enda mikil lyftistöng fyrir



söfnuðinn að fá þá inn í starfið. Fengur er fyrir söfnuðinn og alla kristni að hafa gott og áhugasamt fólk á akrinum.

Íþróttarálfurinn heimsótti sunnudagaskólann og fjölskylduguðspjónustur á vordögum. Í Kristiansand, Stavanger, Molde, Bergen og Ósló glöddust bæði börn og fullorðin við að hitta þennan spræka álf sem minnti á að huga þarf bæði að andlegri og líkamlegri heilsu.

Prestur hóf átak veturinn 2010 í því að koma sunnudagaskólanum á DVD inn á heimilin. Með þessu er reynt að mæta börnunum í dreifðinni og styrkja heimilisguðrækni. Nýr diskur kom út á árinu 2012 "Daginn í dag 2" og var byrjað að dreifa honum um leið og hægt var.

Hið árlega Leiðtoganámskeið á vegum fræðsluviðs Biskupsstofu var haldið í Ólafíustofu í Ósló. Þar komu saman að venju leiðtogar í starfinu af norðurlöndunum. Það er mikilvægt að halda við þekkingu í barnastarfi og bera saman bækur sínar og endurmeta og bæta starfið eins og hægt er.

Æskulýðshópur safnaðarins er að festa rætur sínar þó erfitt sé að halda sambandi við unglingana sem búa dreift um Noregsbyggðir. Félagar í æskulýðsfélaginu geta verið þau sem eru fermd og hafa áhuga á því að skemmta sér á heilbrigðan hátt í góðum félagsskap hvers annars og vilja halda við fermingarheitinu. Í október 2012 fór hópur unglinga sem hin fyrri ár til Íslands á Landsmót Æskulýðsfélaga. Leiðin lá til Egilsstaða þar sem hundruðir íslenskra ungmenna skemmtu sér á heilbrigðan hátt í nafni kristinnar trúar. Þetta tilboð safnaðarins er ein af stöðum

safnaðarstarfsins og liður í því að halda tengslum við fermd ungmenni. Æskulýðshópar hafa nú myndast í Ósló, Stavanger og Bergen. Vísir að starfi er að finna í suður- Noregi. Unglingastarfið í Bergen er leitt af Rebekku Ingibjartsdóttur og Laufeyju Fríðu Guðmundsdóttur. Í Stavanger eru það Lilja B. Þorsteinsdóttir og Óskar Þór Jónsson sem leiða unglingahóp. Óslóarhópin leiðir María Gunnarsdóttir og Björg Brjánsdóttir.

Samvinna og upplýsingamál

Fréttabréfið kemur út ár hvert í lok janúar og september. Ætlunin er að halda þeirri útgáfu áfram. Hrafnhildur Brynjarsdóttir grafískur hönnuður hefur sett upp fréttabréfið og verið presti innan handar með yfirlestur ásamt Ingu Erlingsdóttur starfsmanni. Haustið 2012 kom María Gunnarsdóttir einnig að fréttabréfinu. **Facebook** síða safnaðarins "Íslenski söfnuðurinn í Noregi" ásamt facebook síðum fyrir sunnudagaskólann í Bergen, Stavanger og Kristiansund eru virkar sem og Æskulýðshópurinn í Noregi. Þar er starfið auglýst og skilaboðum komið til sóknarbarna. Messuauglýsingar hafa verið settar inn á facebook síðu "Íslendingar í Noregi" og svo auðvitað inn á heimasíðu safnaðarins www.kirkjan.no. Nú er unnið að nýrri heimasíðu og útlit safnaðarins er einnig í vinnslu. Kynningarmálin eru sístætt verkefni sem alltaf er í hraðri þróun.

Lýðveldishátíðin er haldin í samstarfi við Íslendingafélagið í Ósló, Stavanger og Bergen. Hátíðarhöldin hefjast með helgihaldi. María Gunnarsdóttir guðfræðingur leiddi helgistund í Nordberg kirkju. Sr. Jón Dalbú Hróbjartsson messaði í Bergen og Sr. Arna messaði og fermdi eina stúlku í Stavanger er haldið var upp á 60 ára afmæli félagsins þar um slóðir. Gunnar Einar Steingrímsson þjónandi prestur í Steinskjer messaði einnig fyrir Íslendinga í Steinskjer kirkju.

Mikilvægt er fyrir söfnuðinn og prest að vera í góðu samstarfi við **Sendiherra** og starfsfólk allt á sendiráðsskrifstofunni. Prestur hefur aukið samstarf við presta norsku kirkjunnar og er það gefandi að finna sig í hópi kollega. Það er von mín að allt samstarf við systurkirkju okkar, norsku kirkjuna haldi áfram að blómstra og vaxa enda allt guðspjónustuhald háð því að fá inni í norskum kirkjum.

Inga Erlingsdóttir starfsmaður á skrifstofunni í Ósló er okkur innan handar með hvaðeina sem upp á kemur. Hún er nú í fullu starfi og er verksvið hennar afar fjölbreytt. Hlý framkoma og þjónustulund hennar verður seinnt fullþakkað.

Ég bið Drottinn um að blessa störf þjóna sinna og hjörtu allra sem þjónustu þiggja um alla framtíð.

Arna Grétarsdóttir,
Prestur Íslenska safnaðarins í Noregi
Ósló í apríl 2013

BALANSE PR. 31.12.2012

	note	2012	2011
EIENDELER			
Anleggsmidler			
Lokaler Pilestredet Park 20		3 544 205	-
Inventar		487 315	-
Investeringer	3	-	849 290
Depositum		113 931	52 037
Sum anleggsmidler		4 145 451	901 327
Omløpsmidler			
Utestående tilskudd		402 831	137 386
Andre fordringer		17 700	2 429
Bankinnskudd, kontanter o l	5	4 761 533	6 762 738
Sum omløpsmidler		5 182 064	6 902 553
SUM EIENDELER		9 327 515	7 803 880

BALANSE PR. 31.12.2012

	note	2012	2011
EGENKAPITAL OG GJELD			
Egenkapital			
Sum opptjent egenkapital	6	7 745 656	7 533 275
Sum egenkapital		7 745 656	7 533 275
Gjeld			
Langsiktig gjeld			
Lån i DNB Bank ASA	7	1 000 000	-
Sum langsiktig gjeld		1 000 000	-
Kortsiktig gjeld			
Leverandørgjeld		105 137	62 804
Skyldig offentlige avgifter		172 304	55 850
Annen kortsiktig gjeld		304 418	151 951
Sum kortsiktig gjeld		581 859	270 605
Sum gjeld		1 581 859	270 605
SUM EGENKAPITAL OG GJELD		9 327 515	7 803 880


Oslo, mars 2013 / 31.12.2012

I styret for Den Islandske Menighet i Norge


Lilja Björk Thorsteinsdóttir
Styremedlem


Arnar Pall Michelsen
Styrets leder


Ann-Cathrin Marcussen
Kasserer


Helga Sigríður Thorsdóttir
Nestleder


Brynja Gunnarsdóttir
Sekretær

RESULTATREGNSKAP

	note	2012	2011
DRIFTSINNTEKTER OG DRIFTSKOSTNADER			
Driftsinntekter			
Annen driftsinntekt	1	5 573 338	5 369 590
Sum driftsinntekter		5 573 338	5 369 590
Driftskostnader			
Lønnskostnad	2	1 335 106	649 065
Annen driftskostnad	4	4 355 525	3 258 530
Sum driftskostnader		5 690 631	3 907 595
DRIFTSRESULTAT		-117 293	1 461 995
FINANSINNTEKTER OG FINANSKOSTNADER			
Finansinntekter			
Inntekt på investeringer	3	573 723	-
Renteinntekt		129 140	145 887
Finanskostnader			
Tap på investeringer	3	246 174	40 487
Rentekostnad		127 015	332
NETTO FINANSPOSTER		329 674	105 068
ÅRSRESULTAT		212 381	1 567 063
OVERFØRINGER			
Overføring annen egenkapital	6	212 381	1 567 063
SUM OVERFØRINGER		212 381	1 567 063

NOTER 2012

Regnskapsprinsipper:

Årsregnskapet er satt opp i samsvar med regnskapsloven og god regnskapsskikk.

Selskapet har videre fulgt regnskapsloven for små foretak der annet ikke er angitt spesielt.

Note 1 - Annen driftsinntekt

	2012	2011
Leieinntekter	19 800	14 400
Statstilskudd	2 417 132	2 449 752
Kommunetilskudd	3 001 291	2 778 525
Momskompensasjon	130 121	102 102
Inntekter til krisefondet	4 994	24 811
Totalt	5 573 338	5 369 590

Note 2 - Lønnskostnader og honorarer

	2012	2011
Lønn	1 153 554	572 572
Arbeidsgiveravgift	169 912	74 873
Pensjonskostnader	-	-
Andre lønnsrelaterte ytelser	11 640	1 620
Totalt	1 335 106	649 065

Gjennomsnittlig antall ansatte: 2,5

Det er ikke utbetalt lønn for daglig ledelse. Det er utbetalt fastlønn til sekretær i full stilling, samt til prest og kateket de siste måneder. Det øvrige er overtid mv. samt sporadiske utbetalinger til andre.

Det er utbetalt styrehonorarer med kr. 30.000,-.

Organisasjonen er pliktig til å ha tjenstepensjonsordning etter lov om obligatorisk tjenstepensjon. Det er pr. 31.12.2012 ikke inngått slik avtale.

Av revisjonshonorar utgjør kr. 15.875,- ordinær revisjon. Annen bilstand kr. 15.375,-

Note 3 - Investeringer i aksjer og andeler

Verdipapirene er realisert

	Ansk.år	Kostpris	Bokf.verdi 1.1.	Årets endring	Bokf.verdi 31.12.
Pareto Eiendom	2007	480 990	49 290	49 290	0
Vital Forsikring ASA	2007	800 000	800 000	800000	0

Kostpris Pareto Eiendom er redusert med kr. 12.246,- som er utbetaling fra overkursfond.

Akkumulert gevinst tidligere år	443 946,25
Årets gevinst ved realisasjon	129 776,43
Årets tap ved realisasjon	246 173,40

Note 4 - Annen driftskostnad

	2012	2011
Kostnader lokaler	297 323,08	256 055,50
Anskaffelser	136 363,00	27 442,00
Kontordrift	120 552,77	116 408,85
Aktiviteter	514 367,69	431 530,72
Eksterne honorarer	1 119 604,00	1 241 154,17
Reisekostnader	841 510,73	662 757,99
Fjorårstall, erstattet av avdelinger	-	375 757,76
Kulturtiltak	516 273,27	103 829,03
Oppussing nye lokaler/menighetshus	754 354,81	-
Annonser	37 179,00	24 333,75
Forsikringer	12 348,00	10 232,00
Øvrige kostnader	5 648,65	9 028,17
Totalt annen driftskostnad	4 355 525,00	3 258 529,94

Den Islandske Evangeliste Lutherske Menighet i Norge.

Styrets Årsberetning 2012

1. Virksomhetens art og lokalisering.

Menighetens offisielle navn er Den Islandske evangeliske Lutherske menighet i Norge. Menigheten driver virksomhet over hele Norge. Styret og menighetens kontorlokaler er i Oslo kommune.

2. Drift i 2012.

Virksomheten fortsatte driften i 2012 som tidligere år. Styret har i 2012 hatt 8 styremøter. Styret har i 2012 fulgt opp prestens arbeid, menigheten avholder regelmessig gudstjenester rundt i Norge og legger stor vekt på å gi tilbud til hele menigheten. Det har også vært lagt stor vekt på økt kristelig opplæring for barn, ungdom og eldre i menigheten. Menigheten har også utvidet tilbudet om forskjellige trosopplæringskurs for medlemmene. I 2012 kjøpte menigheten menighetslokaler som har fått navnet "Ólafíustofa". Ólafíustofa har et lite kapell, kontorer og møterom og er i aktiv bruk av menigheten.

3. Arbeidsmiljø.

Styret anser at arbeidsmiljøet er godt. Det er som tidligere år ansatt en prest gjennom moderkirken på Island. Én person er fulltidsansatt som sekretær på menighetens kontor og det var ansatt en kateket i 80 % stilling fra 1. August 2012. Det er ikke iverksatt spesielle tiltak vedrørende arbeidsmiljøet. Ansatte i menigheten har ikke vært utsatt

vedrørende arbeidsmiljøet. Ansatte i menigheten har ikke vært utsatt for ulykke eller skade i forbindelse med utførelse av arbeid. Det har ikke vært noen sykemeldinger i løpet av året.

4.Ytre miljø

Menigheten driver ikke virksomhet som forurensar det ytre miljøet.

5.Likestilling

Det er ansatt to kvinner i menigheten. Det vil ikke være nødvendig å iverksette spesielle tiltak for å fremme likestilling. Begge kjønn er representert i styret.

6.Menighetens regnskap.

Menighetens regnskap gir rettmessig bilde av virksomheten i 2012.

7.Rutine for inn- og utmelding.

Menigheten har link til skjema til inn- og utmelding på sin hjemmeside. Skjema sendes til menigheten enten i posten eller via e-post. Medlemsregister oppdateres regelmessig. Menigheten overholder de krav og vilkår som følger av lov om trdomssamfunn og ymist anna med forskrift, og øvrig norsk lovgivning.

Oslo den 9. mars 2013

Styret i Den islandske Evangeliske Lutherske Menighet i Norge



Arnar Páll Michelsen

Formann



Ann-Cathrin Marcussen

Kasserer



Helga Sigríður Þórsdóttir

Nestformann



Brynja Gunnarsdóttir

sekretær



Lilja Björk Þorsteinsdóttir

Styremedlem

Registrert revisjonsselskap
GLOMMEN REVISJON AS
Medlem av Den Norske Revisorforening

Til Styret i
DEN ISLANDSKE EVANGELISKE- LUTHERSKE MENIGHET I NORGE

REVISORS BERETNING

Uttalelse om årsregnskapet

Vi har revidert årsregnskapet for DEN ISLANDSKE EVANGELISKE- LUTHERSKE MENIGHET I NORGE, som består av balanse per 31. desember 2012, resultatregnskap som viser et overskudd på kr 212 381, for regnskapsåret avsluttet per denne datoen, og en beskrivelse av vesentlige anvendte regnskapsprinsipper og andre noteopplysninger.

Styret og daglig leders ansvar for årsregnskapet

Styret og daglig leder er ansvarlig for å utarbeide årsregnskapet og for at det gir et rettviseende bilde i samsvar med regnskapslovens regler og god regnskapsskikk i Norge, og for slik intern kontroll som styret og daglig leder finner nødvendig for å muliggjøre utarbeidelsen av et årsregnskap som ikke inneholder vesentlig feilinformasjon, verken som følge av misligheter eller feil.

Revisors oppgaver og plikter

Vår oppgave er å gi uttrykk for en mening om dette årsregnskapet på bakgrunn av vår revisjon. Vi har gjennomført revisjonen i samsvar med lov, forskrift og god revisjonsskikk i Norge, herunder International Standards on Auditing. Revisjonsstandardene krever at vi etterlever etiske krav og planlegger og gjennomfører revisjonen for å oppnå betryggende sikkerhet for at årsregnskapet ikke inneholder vesentlig feilinformasjon.

En revisjon innebærer utførelse av handlinger for å innhente revisjonsbevis for beløpene og opplysningene i årsregnskapet. De valgte handlingene avhenger av revisors skjønn, herunder vurderingen av risikoene for at årsregnskapet inneholder vesentlig feilinformasjon, enten det skyldes misligheter eller feil. Ved en slik risikovurdering tar revisor hensyn til den interne kontrollen som er relevant for stiftelsens utarbeidelse av et årsregnskap som gir et rettviseende bilde. Formålet er å utforme revisjonshandlinger som er hensiktsmessige etter omstendighetene, men ikke for å gi uttrykk for en mening om effektiviteten av stiftelsens interne kontroll. En revisjon omfatter også en vurdering av om de anvendte regnskapsprinsippene er hensiktsmessige og om regnskapsestimatene utarbeidet av ledelsen er rimelige, samt en vurdering av den samlede presentasjonen av årsregnskapet.

Etter vår oppfatning er innhentet revisjonsbevis tilstrekkelig og hensiktsmessig som grunnlag for vår konklusjon.

Konklusjon

Etter vår mening er årsregnskapet avgitt i samsvar med lov og forskrifter og gir et rettviseende bilde av den finansielle stillingen til DEN ISLANDSKE EVANGELISKE- LUTHERSKE MENIGHET I NORGE per 31. desember 2012 og av resultater for regnskapsåret som ble avsluttet per denne datoen i samsvar med regnskapslovens regler og god regnskapsskikk i Norge.

Presisering

Det er ikke opprettet obligatorisk tjenstepensjonsordning til de ansatte i henhold til loven. Selskapet har ikke brukt skattetrekkkontoen etter bestemmelsene i skattebetalingsloven §5-12. Forholdene over har ingen betydning for vår konklusjon om regnskapet.

Uttalelse om øvrige forhold

Konklusjon om årsberetningen

Basert på vår revisjon av årsregnskapet som beskrevet ovenfor, mener vi at opplysningene i årsberetningen om årsregnskapet, forutsetningen om fortsatt drift og forslaget til disponering av overskuddet er konsistente med årsregnskapet og er i samsvar med lov og forskrifter.


Konklusjon om registrering og dokumentasjon

Basert på vår revisjon av årsregnskapet som beskrevet ovenfor, og kontrollhandlinger vi har funnet nødvendig i henhold til internasjonal standard for attestasjonsoppdrag (ISAE) 3000 «Attestasjonsoppdrag som ikke er revisjon eller begrenset revisjon av historisk finansiell informasjon», mener vi at ledelsen har oppfylt sin plikt til å sørge for ordentlig og oversiktlig registrering og dokumentasjon av foreningens regnskapsopplysninger i samsvar med lov og god bokføringsskikk i Norge,

Konklusjon om forvaltning

Basert på vår revisjon av årsregnskapet som beskrevet ovenfor, og kontrollhandlinger vi har funnet nødvendige i henhold til internasjonal standard for attestasjonsoppdrag (ISAE) 3000, mener vi foreningen er forvaltet i samsvar med lov, foreningens formål og vedtektene for øvrig.

Kongsvinger, 25.03.2013



Tom Sverre Bang
Registrert revisor



Ólafíustofa

Pilestredet Park 20

0176 Oslo